



# EVROPURÁÐIÐ

Verndari mannréttinda

YFIRLIT

COUNCIL OF EUROPE



CONSEIL DE L'EUROPE



#### AÐILDARRÍKI

Albanía, Andorra, Armenía, Aserbaídsjan, Austurríki, Belgía, Bosnía og Hersegóvína, Bretland, Búlgaríá, Danmörk, Eistland, Finnland, Frakkland, Georgía, Grikkland, Holland, Írská lýðveldið, Ísland, Ítalía, Króatía, Kýpur, Lettland, Liechtenstein, Litháen, Lúxemborg, Malta, Lýðveldið Moldóva, Mónakó, Norður-Makedónía, Noregur, Portúgal, Pólland, Rúmenía, San Marínó, Serbía, Lýðveldið Slóvakía, Slóvenía, Spánn, Svartfjallaland, Sviss, Svíþjóð, Tékkland, Tyrkland, Ungverjaland, Úkraína, Þýskaland.

#### ÁHEYRNARFULLTRÚAR

Bandaríkin, Japan, Kanada, Mexíkó, Páfastóll.

#### HÖFUÐSTÖÐVAR OG SKRIFSTOFUR

Aðsetur Evrópuráðsins er í Strassborg í Frakklandi. Evrópuráðið er með 2,300 starfsmenn og heldur utan um utansvæðis- og tengiskrifstofur í öðrum alþjóðlegum stofnunum. Evrópsku Ungmennamiðstöðvarnar í Strassborg og Búdapest bjóða ungu fólki upp á menntun í lýðræðis- og mannréttindamálum.

#### FJÁRHAGSÁETLUN

Heildarráðstöfunarfé Evrópuráðsins árið 2024 er 624,6 milljón evrur og er það fjármagnað aðallega af aðildarríkjunum.



## EVROPURÁÐIÐ



Alain Berset  
Aðalframkvæmdastjóri

**E**vrópuráðið er aðalstofnunin á sviði mannréttindamála í heimsálfunni. Aðildarríkin eru 46, þar á meðal öll aðildarríki Evrópusambandsins. Öll aðildarríki Evrópuráðsins hafa fullgilt Mannréttindasáttmála Evrópu, en þeim sáttmála er ætlað að standa vörð um mannréttindi, lýðræði og réttarríkið.

■ Mannréttindadómstóll Evrópu hefur umsjá með útfærslu sáttmálans innan aðildarríkjanna. Einstaklingar geta sent kærur um mannréttindabrot til dómstólsins í Strassborg þegar fullreynt er að ekki sé möguleiki á að áfrýja í viðkomandi aðildarríki.

■ Evrópusambandið býr sig undir að fullgilda Mannréttindasáttmálann, og skapa með því sameiginlegt evrópskt réttarsvæði fyrir rúmlega 700 milljónir ríkisborgara. ■ ■ ■



## VERNDUN MANNRÉTTINDA

■ Evrópuráðið berst fyrir tjáningarfrelsi, þar með talið í fjölmiðlum, fundafrelsi, jafnrétti, og verndun minnihluta. Það hefur hafið herferðir um málefni eins og barnavernd, hatursorðræðu á netinu, og réttindi Rómafólks, stærsta minnihlutahóps Evrópu.

■ Evrópuráðið liðsinnir aðildarríkjum í baráttunni gegn spillingu og hryðjuverkum og veitir leiðsögn við nauðsynlegar umbætur á dómstólum. Hópur sérfræðinga þess á sviði stjórnskipunarmála – Evrópunefnd um lýðræði með lögum, sem í daglegu tali er kölluð Feneyjanefndin – veitir löndum um allan heim lögfræðiráðgjöf.

■ Evrópuráðið eflir mannréttindi á grundvelli alþjóðasamninga eins og Samning um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi og Samning um tölvubrot. Það fylgist með framgangi aðildarríkja á þessum sviðum og gefur út tilmæli með aðstoð óháðrar sérfræðinganefndar.

■ Nú til dags beitir ekkert aðildarríkja Evrópuráðsins dauðarefsingu. ■ ■ ■



## ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

### Eftirlitsnefndir

- ▶ Ríkjahópur gegn spillingu (GRECO)
- ▶ Evrópunefnd um forvarnir gegn pýntingum og ómannúðlegri eða niðurlægjandi meðferð eða refsingu (CPT)
- ▶ Sérfræðingahópur um aðgerðaáætlun gegn mansali (GRETA)
- ▶ Evrópunefnd um skilvirkni í dómsmálum
- ▶ Evrópunefnd sérfræðinga um mat á baráttuleiðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka (MONEYVAL)
- ▶ Evrópunefnd gegn kynþáttafordómum og umburðarleysi (ECRI)
- ▶ Evrópunefnd um félagsleg réttindi (ECSR)
- ▶ Ráðgjafarnefnd um rammaþing Evrópuráðsins um verndun þjóðarbrota
- ▶ Sérfræðinganefnd Evrópusáttmálans um svæðisbundin eða minnihlutatungumál

■ Evrópuráðið er rekið í nánu samstarfi við Evrópusambandið, og vinnur með Sameinuðu þjóðunum, Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, og með nærliggjandi samstarfsríkjum og öðrum um allan heim.

■ Sem dæmi má nefna að innan Evrópuráðsins starfar Evrópuskrifstofa um gæði lyfja og heilsuverndar, sem gegnir lykilhlutverki í baráttunni gegn eftirlíkingum á lyfjum og er með samning við Brasilíu, Kína, Suður-Afríku og Bandaríkin. ■ ■ ■



## SKIPULAG

- Evrópuráðið starfrækir ýmsar stofnanir auk **Mannréttindadómstóls Evrópu**.
- ▶ **Aðalframkvæmdastjórinn** fer fyrir og kemur fram fyrir hönd Evrópuráðsins.
- ▶ **Ráðherranefndin**, sem samanstendur af utanríkisráðherrum aðildarríkjanna og fastafulltrúum þeirra, fer með ákvörðunarvald innan stofnunarinnar.
- ▶ **Þingið** samanstendur af 612 þingmönnum frá aðildarríkjunum 46; þingið kýs aðalframkvæmdastjórnann, mannréttindafulltrúa Evrópuráðsins og dómara Mannréttindadómstóls Evrópu; það er mikilvægur vettvangur lýðræðislegrar umræðu og hefur eftirlit með kosningum; nefndir þingsins gegna mikilvægu hlutverki í rannsóknum á ýmsum málefnum nútímans.
- ▶ **Mannréttindafulltrúinn** fjallar óháð um og dregur athygli að mannréttindabrotum.
- ▶ **Þing sveitar- og héraðsstjórna í Evrópu** er ætlað að styrkja lýðræði innan sveita- og héraðsstjórna. 612 kjörnir fulltrúar mæta þar fyrir hönd 150.000 sveita- og héraðsstjórna.
- ▶ **Ráðstefna alþjóðlegra, frjálsra félagasamtaka** er fyrir fulltrúa borgaralegs samfélags og stuðlar að lýðræðislegri hlutdeild.



ISL

Avenue de l'Europe • 67075 Strasbourg • Frakkland

Heimsækið aðalvefsetur okkar  
[www.coe.int](http://www.coe.int)



Útgáfuvefsetur Evrópuráðs  
[book.coe.int](http://book.coe.int)

Vefsetur með gögn og tilföng  
[edoc.coe.int](http://edoc.coe.int)

